

Mál nr 1/2016

Ár 2016, mánudaginn 5. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 1/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 25.janúar 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina Z við rakkann Q þar sem hvorugur hundanna var með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 17. mars 2016 og henni gefinn frestur til 14. apríl til að skila inn andmælum. Ekki barst svar innan tilskilins frests og var kærðu send ítrekun dags. 18. apríl og gefinn viðbótarfrestur til 25. apríl, sem kærða sinnti ekki heldur um að svara. Siðanefnd taldi að svo búnu að kærða myndi ekki reyna að halda uppi vörnum í málinu og ákvað því að taka málið til úrskurðar byggt á fyrirbyggjandi gögnum frá skrifstofu HRFÍ.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 16. desember 2015 var tíkin Z pöruð við rakkann Q hinn 15. ágúst 2015. Við pörunina var hvorugur hundanna með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Yorkshire terrier og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur ekki nýtt sér andmælarétt sinn né á nokkurn hátt reynt að útlista sín sjónarmið í málinu þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Yorkshire terrier:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun (Gildir frá 01.1.2015). Greinst hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012). Undaneldisdýr verða að hafa undangengist DNA próf gagnvart prcd-PRA til að hvolpar fái skráðir í ættbók. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst

sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by partentage N/C/P). (Gildir frá 01.1.2015)”

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var hvorugur undaneldishundanna með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggir fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Tíkin var augnskoðuð 27. nóvember 2015 og rakkinn 20. september 2015 og til allra heilla stóðust bæði skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að hundarnir hafi staðist skoðun eftir, það var ekki fyrirséð. Þá liggur það fyrir að kærða hefur áður gerst brotleg við sömu grein í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

#### IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni.

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir